

Fundargerð 85. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, mánudaginn 19. maí kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga - skattlagning orkumannvirkja - óskað umsagnar - 2505001SO

Árni Sverrir Hafsteinnsson og Björn Ingi Óskarsson, sérfræðingar hjá innviðaráðuneytinu og Þorsteinn Arnalds tölfræðingur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, mættu á fundinn og fór yfir áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga sem birt hafa verið í samráðsgátt.

Í frumvarpinu er lagt til afnám á undanþágu rafveitna (vatnsafls- og jarðvarmavirkjanna og vindmylla) frá fasteignamati.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þakkar fyrir góða kynningu á áformunum.

Stjórn samþykkir að fela starfsmanni samtakanna að vinna drög að umsögn í takt við umræður á fundinum.

Stjórn hvetur aðildarsveitarfélög jafnframt til að kynna sér frumvarpið vel og ráðherra til að setja frumvarpið sem fyrst á dagskrá þingsins.

Boðað verður til kynningarfundar fyrir aðildarsveitarfélög um frumvarpið áður en umsagnarfresti líkur.

Fundi var slitið kl. 11:30